

Mættir: Kristján Geirsson, Hjalti Garðarsson, Guðný Kristjánsdóttir, Íris Ósk Kristjánsdóttir, Edda Guðrún Pálsdóttir, Arnar Stefánsson, Davíð Heimisson og Lóa Rut Reynisdóttir sem skrifaði fundargerð.

Heiðarskóli 6. október 2014 kl. 20:00

1. Staða félagsins

Farið yfir stöðu reikninga.

2. Ávextir í samræmdum prófum

Foreldrafélagið keypti ávexti sem starfsfólk skólans bauð nemendum upp á í samræmdu prófunum. Þetta kom vel út og voru bæði nemendur og starfsfólk ánægðir með þetta fyrirkomulag. Smá misskilningur var á föstudeginum og keypti skólastjóri ávexti sem við þurfum að fá reikning fyrir.

3. Bekkjarfulltrúar

FFGÍR mun standa fyrir sameiginlegum bekkjarfulltrúafundi í Fjölskyldusetrinu 14.okt.

4. Starfsfólk skólans

Rætt var hvað foreldrafélagið gæti fyrir starfsfólk skólans til að sýna samúð vegna mikils missis sem þau hafa orðið fyrir. Hugmynd kom upp á fundinum og frá foreldri sem hafði sent formanninum póst um að færa starfsfólkinu köku/eitthvað með kaffinu. Hafa á samband við skólastjóra vegna þessa.

Fundi slitið 21:00